

2016–2017

# SVIÐSLIST

# KENNSLUSKRÁ

# BA NÁM



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts

Sviðslistadeild

# **KENNSLUSKRÁ**

**BA nám**

**2016–2017**

**Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands**

Sölvhólgötu 13  
101 Reykjavík  
s. 552 5020  
lhi@lhi.is

[www.lhi.is](http://www.lhi.is)

**Útgefandi** Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands 2016

**Ritstjóri** Ingibjörg Þórisdóttir

**Prentvinnsla** Oddi, umhverfissvottað fyrirtæki

**FYRIRVARI**

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um  
ófyrirsjáanlegar og nauðsynlegar breytingar

## **Manifesto sviðslistadeildar**

Við nálgumst listina af virðingu og auðmýkt  
Við höfum hugrekki til að takast á við samtímann  
Við notum söguna sem stökkpall inn í framtíðina  
Við erum forvitin, víðsýn og framsækin  
Við tökum áhættu  
Við fögnum mennskunni

## **EFNISYFIRLIT**

Sviðslistadeild	5
Námið	5
Þjónusta	7
Úr skólareglum 2015–2016	9
Nemendafélag	11
Handbók nemenda	11
Starfsfólk	12
Yfirlit námskeiða	13

# SVIÐSLISTADEILD

## UM DEILDINA

Markmið sviðslistadeildar er að veita nemendum yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í sviðslistum. Stefnan er ekki aðeins að veita góðan tæknilegan grunn, heldur einnig að auka vísýni nemenda og að þeir kynnist í verki helstu möguleikum í sínu fagi, nýsköpun og skörun við aðrar greinar.

Í sviðslistadeild er boðið upp á nám á þremur brautum: leikarabraut, sviðshöfundabraut og samtímadansbraut. Námið er 180 einingar (ects) og lýkur með BA gráðu í sviðslistum.

## INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

Sviðslistadeild Listaháskólans er í góðum tengslum við grasrót íslenskra sviðslista og er einnig í samstarfi við helstu sviðslistastofnanir og hátíðir í landinu eins og Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Útvarpsleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Lokal þjóðlega leiklistarhátíð og Reykjavík Dancefestival.

Alþjóðasamstarf er mikilvægt í deildinni en nemendum gefst kostur á að fara í skiptinám og/eða starfsþjálfun erlendis, gestanemendur og kennarar frá erlendum menntastofnunum eru tíðir gestir í skólastarfinu og deildin er þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum og sviðslistahátíðum þvert á lönd og álfur. Sviðslistadeild hefur gert tvíhliða samning á vegum Erasmus/Sókrates menntaáætlunarinnar við fjölmarga skóla. Á vefsíðu skólans er að finna lista yfir þessa samstarfsskóla.

## NÁMIÐ

### LEIKARABRAUT

Nám á leikarabraut er krefjandi og kallar á mikla viðveru, nánd og ástundun. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda sem og hæfni til að vinna í hóp. Miklu máli skiptir að nemandi geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á framförum sínum í fagmennsku. Þar skipta sköpum stundvísi, reglusemi, frumkvæði og virðing fyrir fólki og umhverfi. Námið byggist upp á stórum samsettu námskeiðum í tækni og leiktúlkun auk fræðikennslu og valnámskeiða. Hver dagur hefst á upphitun í tæknitímum; hreyfingu og raddþjálfun en eftir hádegi taka við námskeið í leiktúlkun.

### Uppbygging námsins

Á fyrsta ári fær nemandinn góðan grunn í leiktúlkun, sem byggir á arfleidd Konstantins Stanislavskis. Þá fær hann einnig kennslu í tækni, hreyfingu og rödd. Á öðru ári er farið dýpra í túlkun og tækni, mismunandi aðferðafræði fær sömuleiðis aukið vægi. Á þriðja ári á nemandinn að vera betur í stakk búinn að vinna með þau verkfæri, sem honum honum hafa áskotnast í náminu. Þar eru lengri námskeið, sem enda með stefnumóti við áhorfendur og lokasýningu. Fræðikennsla fer mestmegnis fram fyrstu tvö árin en valnámskeið með nemendum annarra

brauta og deilda Listaháskólans skipa sinn sess, öll árin. Miðað er við að nemendur á leikara-  
braut fari einu sinni í styttri námsdvöl í samstarfskóla deildarinnar á Norðurlöndunum og  
Eystrasaltslöndunum

## **SAMTÍMADANSBRAUT**

Námið er krefjandi líkamlega sem og andlega og krefst mikillar viðveru, sjálfstæðis í vinnu-  
brögðum, og samvinnu innan hópsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, nálgast  
viðfangsefni sín með opnum hug af forvitni og með virðingu fyrir náunganum. Ætlast er til  
þess að nemendur séu reglusamir, stundvísir og komi undirbúnir til leiks. Námið byggist upp  
á stórum samsettum námskeiðum í tækni og skapandi ferli. Hvert námskeið í tækni saman-  
stendur af samtímadansi, ballet, pílates og jóga sem iðkað er alla morgna vikunnar. Skapandi  
ferli skiptist í fjölbreytt námskeið og vinnustofur sem reyna á sköpunarkraft nemandans og  
eru þau námskeið kennd eftir hádegi hvern dag. Samhliða þessum námskeiðum eru skyldu-  
áfangar í fræðum, raddþjálfun og kór.

## **Uppbygging námsins**

Á fyrsta ári er lögð áhersla á að nemandinn tileinki sér rétta líkamsstöðu og effi líkamsvitund  
sína, sé meðvitaður um eigin líkama og hlúi rétt að honum hvað varðar næringu og hvíld.  
Í skapandi námskeiðum er nemandinn kynntur fyrir ólíkum aðferðum sem eiga að auka  
vitund hans um hreyfinguleika líkamans og aðferðir sem ýta undir sköpunarkraft hans. Á  
öðru ári er haldið áfram að dýpka tæknilega færni dansarans og lögð áhersla í skapandi nám-  
skeiðum á að tengja samtímadansinn við hugmyndafræði annarra listgreina. Lögð er áhersla  
á að nemendur vinni að frekari samþættingu fræða, tækni og listrænnar vinnu. Á þriðja ári  
er áhersla á sjálfstæði og úrvinnslu. Valnámskeið með nemendum annarra brauta og deilda  
Listaháskólans skipa sinn sess, öll árin. Nemendur fara á haustmisseri þriðja árs í skiptinám  
eða starfsnám sem styður við þróun nemandans á eigin áhugasviði.

## **SVIÐSHÖFUNDABRAUT**

Námið er krefjandi og krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum og samvinnu innan hópsins. Nem-  
endur eru hvattir til að sýna frumkvæði, nálgast viðfangsefni sín með opnum hug, af forvitni  
og með virðingu fyrir náunganum. Ætlast er til þess að nemendur séu reglusamir, stundvísir  
og komi undirbúnir til leiks.

Námið byggist upp af vinnustofu- og fræðinámskeiðum. Vinnustofunámskeiðin eru fjöl-  
breytt en öll reyna þau á sköpunarkrafta nemandans, aðferðafræði og sjálfstæðrar úrvinnslu.  
Fræðinámskeiðin snúa að eðli, sögu og mörkum sviðslista. Nemendur halda ferlimöppu sem  
skilað er einu sinni á önn.

## **Uppbygging námsins**

Á fyrsta ári er megináhersla lögð á að byggja upp fræðilegan og aðferðafræðilegan grunn  
þar sem unnið er með form, hefðir og aðferðir á greinandi og gagnrýninn hátt. Á öðru og  
þriðja ári eykst áhersla á skapandi vinnu nemenda út frá þeim kenningum og aðferðum sem  
kenndar hafa verið á fyrsta ári. Nemendur þróa sína eigin listrænu sýn og nálgun við miðilinn

í gegnum vinnu við sviðsetningar af ýmsum toga. Valnámskeið innan brautar og/eða með nemendum annarra brauta og deilda Listaháskólans skipa sinn sess, öll árin. Á vorönn annars árs og haustönn þriðja árs stendur nemendum til boða að sækja starfsnám eða skiptinám.

## **UMHVERFI OG SKIPULAG**

Námið í sviðslistadeild er mjög krefjandi, dagarnir eru langir og gert er ráð fyrir að nemendur vinni heimaverkefni á milli tíma. Kennslan fer fram í sviðslista- og dansstúdíóum, leikhúsum, tónlistarstofum og hefðbundnum kennslustofum. Stuðst er við einkaleiðsögn og hópleiðsögn í verklegum tímum og fyrirlestra, málstofur, verklegar kynningar og umræður í fræðum.

Dagleg kennsla fer fram kl. 08:30 – 18:00. Frá 8:30 – 12:30 sækja nemendur fræðitíma og tæknitíma í einka- og/eða hópkennslu. Frá 13:00 – 18:00 er unnið í skapandi vinnustofum. Hvert misseri er 15 vikur í kennslu auk tveggja verkefnavikna.

Hvert misseri byrjar á tveggja vikna valnámskeiðum þvert á brautir deildarinnar eða deildir skólans og endar hver önn á verkefna og prófaviku þar sem nemendur skila greinagerðum og verkefnum, taka próf og sýna afrakstur vinnustofa. Kennslunni er skipt niður í mislangar lotur innan stærri námskeiða í tækni og skapandi fögum, lotur geta verið frá einni upp í 10 vikur og fræðinámskeið geta verið frá fjórum vikum upp í 15 vikur. Í upphafi hvers námskeiðs/lotu liggur fyrir lýsing, kennsluáætlun, kennslufyrirkomulag og námsmat. Á miðju misseri er verkefnavika, en þá liggur hefðbundin kennsla niðri og nemendur hafa tækifæri til sjálfstæðrar vinnu og til þess að vinna verkefni fyrir einstaka námskeið.

Skapandi námskeiðum lýkur annað hvort með opnum tímum eða opinberum kynningum.

## **ÞJÓNUSTA**

### **ALÞJÓÐASKRIFSTOFA**

Alþjóðaskrifstofa LHÍ leggur áherslu á að aðstoða nemendur við að sækja um sem skiptinamar

í erlendum samstarfsskólum. Kynningarfundir eru haldnir reglulega í deildum skólans um tækifæri til skiptináms og starfsnáms, og möguleika á styrkjum. Ennfremur aðstoðar alþjóðaskrifstofa starfsfólk skólans við að undirbúa og sækja um styrki til starfsmanna- og kennaraskipta.

Viðtalstími alþjóðaskrifstofu er mánudaga – fimmtudaga frá kl. 09.00 – 16.00.

Auk þess hefur alþjóðafulltrúi fasta viðveru í tónlistardeild fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá kl. 09.00 – 13.00 og í myndlistardeild fyrsta mánudag hvers mánaðar frá 12.00 – 16.00.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans er staðsett á aðalskrifstofu skólans í Þverholti 11.



## **BÓKASAFN**

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann og er safnið stærsta listbókasafn landsins.

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og kennurum, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nótnabókum en ekki síður að efla upplýsingalæsi nemenda og kennara með því að leiðbeina um notkun safnsins og aðstoða við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum og á vefnum.

Bókasafnið er staðsett í Laugarnesi, Sölvhólgötu og Þverholti. Opnunartímar eru 8.30–16.00 í öllum húsum.

## **EFNISKAUP**

Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér efni vegna náms í sviðslistadeild.

## **HÚSNÆÐI OG AÐSTAÐA**

Listaháskóli Íslands starfar í þremur byggingum: Sölvhólgötu 13 þar sem sviðslistadeild er til húsa auk tónlistardeildar, við Laugarnesveg 91 þar sem myndlistardeild og listkennsludeild eru staðsettar og í Þverholti 11 þar sem hönnunar- og arkitektúrdeild er auk aðalskrifstofu skólans. Sviðslistadeildin hefur einnig til umráða rými í Austurstræti 22.

Allir nemendur fá úthlutað nemendakorti er gengur sem lykill að skólanum. Húsnæði skólans er opið frá kl. 8–16 virka daga, en frá kl. 07–08, 16–01 og um helgar þarf að nota kortið sem lykil auk númerakóða sem nemendur fá einnig úthlutað. Frá kl. 01–8 er skólinn lokaður.

Allar ferðir fólks um húsið eru rekjanlegar, mikilvægt er að nemendur hvorki láni kortin sín né kóða. Ef nemandi glatar nemendakortinu sínu þarf hann að greiða 10.000 kr. fyrir nýtt kort sem fæst ekki endurgreitt þó eldra kortið finnist aftur.

Húsnæði sviðslistadeildar stendur nemendum til boða til æfinga og sýninga og er hægt að bóka rými í gegnum þjónustufulltrúa Sölvhólgötu. Af öryggisástæðum er nemendum skylt að sækja um leyfi til deildarforseta vegna opinberra viðburða með góðum fyrirvara.

Skrifstofan á Sölvhólgötu er opin frá kl. 8–15.

## **PRENTUN OG LJÓSRITUN**

Nemendur fá á hverri önn úthlutað prent- og ljósrítunarkvóta. Ef þeir fara umfram hann er hægt að kaupa viðbótarkvóta á aðalskrifstofu í Þverholti eða hjá þjónustufulltrúa á Sölvhólgötu. Upplýsingar um verð og staðsetningu prentara má finna á heimasíðu skólans.

## **NETÞJÓNUSTA**

Í Listaháskólanum er þráðlaust net sem stendur öllum nemendum og gestum til boða. Við bókasafn á Sölvhólsögötu eru einnig nettengdar almenningstölvur.

## **INNRI VEFUR OG NETFÖNG**

Við innritun í LHÍ fá allir nemendur skólans úthlutað netfangi og lykilorði til notkunar á skólanetinu MySchool. Á MySchool geta nemendur nálgast upplýsingar um námið, ásamt því að skoða einkunnir sínar og námsferil. Nauðsynlegt er að tileinka sér notkun skólanetsins og uppfæra allar persónulegar upplýsingar jafnóðum. LHÍ netföng nemenda eru mikilvæg boðleið milli skólans og nemenda sem nemendum ber að nota. Við inngang fyrir framan skrifstofu þjónustufulltrúa í Laugarnesi er tafla sem notuð er til að koma daglegum skilaboðum til nemenda. Einnig má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar á heimasíðu skólans þar sem jafnframt eru birtar fréttir af viðburðum og málefnum líðandi stundar.

## **ÚR SKÓLAREGLUM 2015–2016**

Heildarreglur má finna á vefsíðu Listaháskólans.

### **Endurinnritun, mat á fyrra námi og fyrning eininga**

Fyrirverandi nemandi sem ekki hefur lokið námi getur sótt um að hefja nám við skólann að nýju og fær metin þau námskeið sem áður var lokið séu minna en fimm ár liðin frá síðustu innritun. Ef liðið hafa fleiri en fimm ár frá námi þarf að sækja sérstaklega um mat á fyrra námi og er þá tekið tillit til gildandi kennsluskrár hverju sinni. Einingar fyrnast séu fleiri en níu ár liðin frá því nemandi hætti námi. Nemendur sem óska eftir að fá metnar einingar úr öðrum háskólum skulu sækja um það og skila inn viðeigandi gögnum strax í upphafi náms. Listaháskólinn getur þannig metið nám á bakkalárstigi frá öðrum háskólum til alls að 60 eininga. (17.gr.)

### **Skólaár, kennslumisseri og brautskráning**

Skólaárið telst frá 1. ágúst til 31. júlí. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Vorútskrift Listaháskólans fer fram í júní. Nemendur þurfa að skrá sig fyrir 15. mars. Nemendur sem ekki hafa náð tilskildum einingafjölda til að útskrifast að vori geta sótt um brautskráningu að hausti eða miðjum vetri. Sækja þarf um haustútskrift eigi síðar en 1. september og eigi síðar en 15. desember fyrir vetrarútskrift. (18.gr.)

### **Einingafjöldi og framvinda náms**

Við skipulag náms við Listaháskólann er miðað við að ein eining (ECTS) jafngildi 25–30 klukkustundum í vinnu fyrir nemandann. Miðað er við að nemandi ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri. Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. (19. gr.)

## **Fjarvera úr prófi**

Ef nemandi er fjarverandi úr prófi og boðar ekki forföll er litið svo á að hann hafi þreytt prófið. Nemandi á í því tilfelli ekki kröfu um endurtökupróf. (21. gr.)

## **Endurtekning á prófi eða verkefni**

Standist nemandi ekki próf eða fellur í verkefni er honum heimilt að endurtaka það. Nemandi á eingöngu rétt á endurtöku hafi hann uppfyllt mætingarskyldu. Nemandi þarf að sækja um endurtöku eigi síðar en fimm dögum eftir birtingu einkunna. Verði endurtekningu prófs ekki komið við getur deildarforseti ákveðið um sambærilegt verkefni. Standist nemandi ekki endurtökupróf eða fyrirlagt sérverkefni verður hann að þreyta námskeiðið að nýju. Hafi nemandi staðist próf/verkefni getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið/verkefnið. Heimili deildarforseti endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið eða verkefni sett fyrir. Seinni einkunnin skal gilda. (21. gr.)

## **Sjúkrapróf/verkefni**

Sjúkrapróf /verkefni skulu haldin vegna haustmísseris eigi síðar en 15. janúar og vegna vormísseris eigi síðar en 1. júní.

## **Námsframvinda**

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í próf eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttáð. Með úrsögn úr námskeiði er nemandi þar með leystur undan þeim kröfum er varða námsmatið. Úrsögn úr námskeiði verður að tilkynna skriflega til deildarfulltrúa innan frests sem nemur þriðjungi af heildartímalengd viðkomandi námskeiðs. (22.gr.)

## **Veikindi**

Nemandi, sem vegna veikinda mætir ekki til prófs eða getur ekki lagt fram tilskilið verkefni til mats, innan þess frests sem gefinn er, skal tilkynna forföll áður en prófið hefst eða frestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað á skrifstofu skólans til staðfestingar eigi síðar en þremur dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út, annars telst nemandi hafa þreytt prófið eða tekið þátt í verkefnaskilum. Með læknisvottorði ávinnur nemandi sér rétt til sjúkraprófs, svo framarlega sem mæting hafi verið fullnægjandi í námskeiðinu. (22.gr.)

## **Námshlé**

Nemendur geta tekið sér námshlé innan þess ramma sem reglur skólans setja um framvindu náms. Nemendur þurfa að tilkynna um námshlé á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en 1. október vegna náms á haustmísseri og fyrir 1. febrúar vegna náms á vormísseri. Námshlé getur að hámarki verið eitt ár og þarf að rúmast innan þess ramma sem skólinn setur, sbr. 22. gr.

## **Meðferð mála frá nemendum**

Ef nemandi telur sig vera beittan órétti getur hann beint máli sínu í eftirfarandi farveg: Nemandi snýr sér til viðkomandi kennara, fagstjóra, deildarforseta eða námsráðgjafa sem taka málið til umfjöllunar og leita lausna á því. Uni nemandi ekki þeirri lausn skal hann senda skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til rektors. Rektor fer yfir málið, tekur ákvörðun og nemandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða málsins er rökstudd. Ef nemandi sættir sig ekki við ákvörðun rektors getur hann áfrýjað til úrskurðarnefndar í réttindamálum nemenda. Úrskurðarnefnd fjallar þó ekki um einkunnir (sjá starfsreglur úrskurðarnefndar). Um ábyrgð og fyrirkomulag námsmats er vísað í 21. gr. (28. gr.)

## **Brot á lögum eða reglum skólans**

Hafi nemandi gerst sekur um brot á lögum eða reglum skólans eða að framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum nemendum er álitin ósæmileg eða óhæfileg getur rektor og / eða viðkomandi deildarforseti veitt honum skriflega áminningu. Sé um að ræða brot sem talið er alvarlegt og stríðir gegn grundvallarforsendum starfseminnar getur rektor vikið viðkomandi nemanda úr skóla tímabundið

## **NEMENDAFÉLAG**

Við sviðslistadeild er starfrækt nemendafélag. Félagið er hagsmunafélag fyrir nemendur deildarinnar og stendur fyrir ýmsum upptökum og skemmtunum yfir veturinn. Áherslan er lögð á að auka samskipti milli árganga deildarinnar og samskipti nemenda í öllum deildum og bæta þannig félagslíf skólans. Fulltrúar nemendafélagsins eru einnig mikilvæg rödd í skólalífinu og málsvarar nemenda deildarinnar á vettvangi fagráðs skólans, svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar um hverjir sitja í stjórn félagsins hverju sinni má finna í Handbók nemenda á heimasíðu skólans.

## **Nemendaráð**

Nemendaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga við skólann og tengiliður nemendafélanna við stjórnendur skólans. Nemendaráð er skipað formönnum nemendafélaga frá fimm deildum skólans. Nemendaráð tilnefnir fulltrúa nemenda í nefndir og ráð skólans.

## **HANDBÓK NEMENDA**

Fleiri gagnýtar upplýsingar má finna í handbók nemenda á vef skólans. Þ.á.m. umgengnisreglur, trúnaðar og réttindamál o.fl.

# STARFSFÓLK

Albert Eiríksson þjónustufulltrúi  
albert@lhi.is

Alexander Graham Roberts lektor, fagstjóri meistarnáms  
alexanderroberts@lhi.is

Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir lektor, fagstjóri fræða  
asgerdur@lhi.is

Björk Jónsdóttir aðjúnt, söngur  
bjorkjons@lhi.is

Egill Ingibergsson tæknistjóri  
egill@lhi.is

Hilmir Jensson aðjúnt, hreyfing leikara  
hilmir@lhi.is

Karl Ágúst Þorbergsson, lektor í sviðslistum  
karlagust@lhi.is

Kjartan Valdemarsson, undirleikari  
kjartanv@lhi.is

Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðjúnt, raddþjálfun  
snaja@lhi.is

Stefán Jónsson, prófessor og fagstjóri leikara  
stefan@lhi.is

Steinunn Knútsdóttir deildarforseti  
steinunnknuts@lhi.is

Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri samtímadansbrautar  
sveinbjorg@lhi.is

Una Þorleifsdóttir, lektor og fagstjóri sviðshöfunda  
una@lhi.is

Vigdís Másdóttir deildarfulltrúi og verkefnastjóri  
vigdismas@lhi.is

# YFIRLIT NÁMSKEIÐA

## ACTango

---

### ATAN002S

2 ECTS

Vor – Vinnustofa

Val, millideildarval, Opni Listaháskólinn

### Lýsing

Tangó er spunadans sem byggir á hlustun og nánd þar sem öll skynfæri eru þanin í seiðandi samtali tveggja persóna. Unnið verður með samleik og samtal á forsendum dansins, orku, hrynjandi og skynjun. Unnið verður með hreyfingu, tónlist og texta í tveggja manna senum þar sem lögmál tangós er beitt á mismunandi form sviðslistanna.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja grunnlögmál tangós,
- ▶ hafa tileinkað sér hugmyndafræði tangós og geta beitt henni í tveggja manna spuna,
- ▶ hafa kynnt sér þá möguleika sem aðferðin veitir og geta beitt þeim í skapandi vinnu á gólfi,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo komi að gagni í skapandi vinnu,
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Alicja Ziolkó

Kennarar: N.N.

## Aðdragandi

---

### ADRO002L

2 ECTS

Haust – Vinnustofa

Skylda fyrir 1. ár sviðslistadeildar

### Lýsing

Námskeiðið markar upphaf náms við sviðslistadeild, þar sem nemendur kynnst þeirri hugmyndafræði sem liggur til grundvallar náminu. Manifestó deildarinnar verður nýtt sem útgangspunktur vinnu þessara tveggja vikna en boðið verður upp á verklega þætti, fyrirlestra um margbreytilegar hliðar sviðslista, heimsóknir frá listamönnum sem og vinnulag deildarinnar verður kynnt. Einnig verður sérstaklega farið í greinargerðarskrif og hvernig skal halda vinnubók sem og tengsl á milli hæfniviðmiða og námsmats. Námskeiðið stendur yfir fyrstu tvær vikur misserisins og er sameiginlegt öllum nýnemum deildarinnar.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst mismunandi aðferðum til að takast á við form sviðslista, þannig að það nýtist sem grunnur í upphafi náms,
- ▶ hafa öðlast grunnfærni í greinargerðaskrifum,
- ▶ hafa öðlast grunnfærni þegar kemur að notkun á vinnubók,
- ▶ hafa öðlast þekkingu og skilning á hæfniviðmiðum og tengsl þess við námsmat.

Námsmat: Símat.

Umsjónarkennari: N.N.

Kennarar: N.N.

## Aðferðafræði: Erindið

### **AE0004S**

4 ECTS

Vor – Vinnustofa

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Í námskeiðinu takast nemendur á við spurningar um erindi sviðslistamannsins við samtíma sinn og menningu. Rýnt er í menningarlegt og pólitískt samhengi sviðslistanna og aðferða þeirra, greint hvernig sviðslistirnar eiga í samtali við samtíma sinn og samfélag og nemendur staðsetja sjálfan sig og verk sín innan þess. Námskeiðinu lýkur með sviðsetningu.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sem listamenn sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heildstæðu verki,
- ▶ hafa tileinkað sér þær aðferðir sem unnið er með í námskeiðinu,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um eigin listræna sýn og sýnt færni til að miðla henni,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um sjálfa sig sem listamenn og stöðu sína í menningarlegu og félagslegu samhengi,
- ▶ geta samhæft hugmyndafræði, tækni, tjáningu og sköpun í sviðsetningu,
- ▶ hafa sýnt færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum ásamt víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um listsköpun sína og vinnuferli,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með í námskeiðinu,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð.

Umsjónarkennari: N.N.



## Aðferðafræði: Nýmiðlar, myndmál og sviðið

### ANMS0010S

10 ECTS

Haust - Vinnustofa

Skylda fyrir 1. ár sviðshöfundabrautar

### Lýsing

Námskeiðið er þrjúþætt. Í fyrsta hluta námskeiðsins er tækjabúnaður leikhússins kynntur fyrir nemendum. Nemendur læra að umgangast og kynnast notkun á ljósa-, hljóð- og myndbúnaði. Þar má nefna ljósaborð og kastara, hljóðmixera og hátalara, skjávarpa og tölvur. Í öðrum hluta námskeiðsins vinna nemendur að þróun hugmynda og sviðsetningu þeirra með sköpun fagurfræði, myndmáls og heildarmyndar verks að leiðarljósi. Unnið er án texta með aðra miðla sviðsins í verklegum verkefnum og æfingum. Einnig eru kynntar aðferðir við samsetningu verka. Áhersla er jafnframt lögð á að nemendur öðlist fræðilegan skilning á viðfangsefninu. Í þriðja hluta námskeiðsins kynnast nemendur vinnu með nýmiðla og gagnvirkni í leikhúsi, rannsaka möguleika þeirra og virkni og nota í verklegum verkefnum.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér þær aðferðir sem liggja til grundvallar í námskeiðinu, geta lagt sjálfstætt mat á þær og nýtt í listrænni vinnu,
- ▶ hafa skilning á og þekkja samspil rýmis, ljóss og hljóðs við sköpun listrænnar heildarmyndar þannig að nýtist í skapandi ferli,
- ▶ hafa skilning á notkun ljósa-, hljóð- og myndbúnaðar og beitingu hans í listrænu samhengi,
- ▶ þekkja verklagsreglur og varúðarráðstafanir er varða öryggismál og notkun tækja,
- ▶ þekkja til notkunar á nýmiðlum í samtíma sviðslistum og hafa skilning á virkni þeirra þannig að nýtist í skapandi ferli,
- ▶ hafa færni í þróun hugmynda sinna og sviðsetningu þeirra,
- ▶ hafa öðlast skilning á samhæfingu hugmyndafræði, tækni og sköpunar í sviðsetningu og geta beitt honum í listrænni vinnu,
- ▶ hafa færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um listsköpun sína og vinnuferli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni, símat og greinargerð

Umsjón: Una Þorleifsdóttir

Kennarar: Egill Ingibergsson og Rebekka A. Ingimundardóttir.

## Aðferðafræði Hugsun – texti – athöfn

### **HTA0006L**

6 ECTS

Haust – Vinnustofur

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Námskeiðið er vinnustofa í skapandi skrifum þar sem nemendur skoða ólíkar aðferðir við vinnslu á texta með sérstakri áherslu á texta sem ætlaður er til lifandi flutnings. Nemendur vinna með eigin texta og annarra með það að markmiði að kynna byggingarþáttum leiktexta, þeim hefðum sem þar gilda og hvernig unnt er að vinna með þær á skapandi og sjálfstæðan hátt.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst mismunandi aðferðum við vinnslu á texta fyrir lifandi flutning,
- ▶ hafa þjálfast í lestri og ritun leiktexta,
- ▶ hafa öðlast innsýn í tengsl texta og sviðsetningar,
- ▶ hafa sýnt þekkingu á grunnþáttum byggingar leiktexta: dramatískri framvindu og persónusköpun, og uppbrotum þeirra hefða sem þar gilda,
- ▶ geta sem höfundar verks sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í rituðu verki,
- ▶ hafa sýnt færni í sjálfstæðum vinnubrögðum,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og annarra,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð

Umsjónarkennari: N.N.

## Aðferðafræði: Óhefðbundin leikrými

### ÓHLO006S

5 ECTS

Haust – Vinnustofur

Skylda fyrir 2. ár sviðhöfundabrautar

### Lýsing

Á námskeiðinu er rýmið sjálft uppspretta sköpunar. Unnið verður með óhefðbundin leikrými þar sem staðsetning, arkitektúr, aðstæður og jafnvel saga rýmisins verða stökkpallur inn í verklega vinnu. Varpað verður fram spurningum um og gerðar tilraunir með hvernig rými stýrir skynjun og skilningi, hvernig það er hlaðið merkingu, hvernig það getur mótað sviðsetningu o.s.frv.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa sýnt skilning og þekkingu á möguleikum rýmis við sköpun og færni í að vinna verklega með rými sem efnivið í listrænni sköpun,
- ▶ geta sem listamenn sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heildstæðri sviðsetningu,
- ▶ hafa sýnt færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum og vísýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ hafa sýnt færni til að miðla listrænum hugmyndum sínum í sviðsetningu,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með á námskeiðinu,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að gagnist í listrænni vinnu.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð.

Umsjónarkennarar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennari: N.N.

## Aðferðafræði: Samsetning, texti, líkami, rými

### ASTLR009S

9 ECTS

Vor – Vinnustofur

Skýlda fyrir 1. ár sviðshöfundabrautar

### Lýsing

Námskeiðið er á byggt þeim grunni sem lagður var í námskeiðinu *Aðferðafræði: Nýmiðlar, myndmál og sviðið*. Áhersla námskeiðsins er á mismunandi aðferðir við sviðsetningu og samsetningu verka sem og á vinnu með líkama og texta í samhengi við aðra miðla sviðsins. Sjónum er beint að þeirri dýnamík sem skapast milli líkama, tíma og rýmis, og milli texta og sviðsetningar og ólíkar aðferðir við samsetningu og sviðsetningu eru rannsakaðar. Áfram er unnið með aðferðir við úrvinnslu og þróun hugmynda og áhersla er lögð á verklegan sem fræðilegan skilning á viðfangsefninu.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér þær aðferðir sem liggja til grundvallar í námskeiðinu, geta lagt sjálfstætt mat á þær og nýtt í listrænni vinnu,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um eigin listræna sýn og sýnt aukna færni í að miðla henni í sviðsetningu,
- ▶ hafa aukna færni í samsetningu verka, þróun hugmynda sinna og sviðsetningu þeirra,
- ▶ hafa skilning á samhæfingu hugmyndafræði, tækni og sköpunar í sviðsetningu og geta beitt honum í listrænni vinnu,
- ▶ hafa færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli og hafa tamið sér sjálfstæði og fagmennsku í vinnubrögðum,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að gagnist í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni, símat og greinagerðir.

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

Kennari: N.N.

## Aðferðafræði: Vinnuaðferðir leikstjórans

### AVL0006S

6 ECTS

Haust

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### Lýsing

Í námskeiðinu kynnst nemendur vinnuaðferðum leikstjóra við sviðsetningu. Meðal annars verður farið í í greiningu texta, hugmyndavinnu og undirbúning, æfingaferli, vinnu með leikurum og aðferðafræði leikstjórnar. Hver nemandi setur sig í hlutverk leikstjóra í vinnu með styttri senur og verkefni.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðis eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á þeim kenningum, hugtökum og vinnuaðferðum leikstjóra sem unnið er með á námskeiðinu og geta nýtt sér þær til listsköpunar,
- ▶ geta sem leikstjórar sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heilstæðri sviðsetningu,
- ▶ geta sem leikstjórar leitt listrænt samstarf á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með á námskeiðinu,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ hafa sýnt færni til að miðla listrænum hugmyndum sínum í sviðsetningu,
- ▶ geta nýtt sé leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni (sviðsetningar), greinagerðir og símat

Umsjónakennari: Una Þorleifsdóttir

Kennari: N.N.

## Andstæður – Samstæður

### AS0002S

2 ECTS

Vor – vinnustofur

Tungumál: Íslenska – enska

Val, millideildarval, Opni Listaháskólinn

### Lýsing

Það verður sviði og hávaði, hryllingur og fegurð, taugatrekkjandi og nautnalegt. Skoðaðar vera ólíkar leiðir til þess að sameina texta og hreyfingu í gegnum andstæður og ólíkindalegar samstæður hreyfingar, raddar og texta. Hver nemandi vinnur að einleik þar sem texti og hreyfing kallast á þar sem leitast verður við að finna marglaga og flóknar leiðir til ljóðrænnar og sjónrænnar framsetningar.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast reynslu af þróun einleiks í gegnum aðferðir Dani Brown,
- ▶ hafa tileinkað sér hina ólíka möguleika líkama og raddar sem kynntar eru á námskeiðinu og beitt þeim í skapandi vinnu,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo komi að gagni í skapandi vinnu,
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Dani Brown

## Draumsköpun

---

### DRAUM002S

2 ECTS

Vor – vinnustofur

Val, millideildarval, Öpni Listaháskólinn

### Lýsing

Á námskeiðinu lærum við að þekkja draumheimana, bæði þá sem við nálgumst í svefni og í vöku. Við kynnumst þeim innan frá, lærum á tákni þeirra og nýtum þá til að upplifa og skapa, setja í form hugmynda, tóna, hreyfinga, söngva, leikja, sagna og mynda. Við nýtum auðinn sem draumurinn veitir og um leið náum við að hreyfa við, losa um og vinna úr því sem lífið hefur gefið okkur.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera meðvituð um helstu hugmyndir um seið og shamanisma
- ▶ þekkja einföld draumtákn
- ▶ geta nýtt sér hina ýmsu möguleika á að vinna með drauma og draumtákn í skapandi vinnu
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum.
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo komi að gagni í skapandi vinnu
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Valgerður H. Bjarnadóttir

## Einstaklingsverkefni sviðshöfunda

### **EISVI007S**

7 ECTS

Vor – vinnustofur

Skylda fyrir 1. ár sviðshöfundabraut

### **Lýsing**

Nemandinn vinnur að einstaklingsverkefni undir handleiðslu leiðbeinanda og tekur viðfangsefnið mið af áhugasviði og áherslum nemandans innan sviðslista. Lögð er áhersla á frumsköpun og frumkvæði nemandans og einstaklingsbundna sýn hans. Einnig kynnast nemendur grunnþáttum í verkefnastjórnun. Námskeiðinu lýkur með lifandi flutningi á verkefnum nemenda frammi fyrir áhorfendum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sem listamenn sett fram sjálfstæða, listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heildstæðu verki,
- ▶ hafa öðlast meðvitund um eigin listræna sýn og sýnt færni til að miðla henni,
- ▶ geta samhæft tækni, tjáningu og sköpun í lifandi listflutningi eða skrifuðu verki,
- ▶ hafa sýnt færni til að leiða listræna vinnu og hafa öðlast grundvallarskilning á helstu þáttum góðrar verkstjórnar,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsgaga og fagmennsku í vinnubrögðum, afstöðu og verkstjórn,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um listsköpun sína og vinnuferli,
- ▶ hafa sýnt færni til að miðla á áhrifaríkan hátt listrænum hugmyndum sínum í sviðsetningu,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.

Námsmat: Verkefni, vinnuferli og greinargerð

Umsjónarkennarar: Una Þorleifsdóttir



## Fagumhverfi sviðslista

---

### FAGS001S

1 ECTS

Haust – vinnustofur

Skylda fyrir 2. ár sviðslistadeildar

### Lýsing

Á námskeiðinu er fjallað um það sem einkennir fagumhverfi sviðslista. Sjónum er beint að hugmyndinni um samsköpun og fjallað verður um ábyrgðarsvið þeirra listamanna sem koma að sköpun sviðsverka. Unnið verður að því að greina verkferla í mismunandi gerðum sviðsetninga og gerð grein fyrir stöðu, vægi og ábyrgð einstakra listamanna í ferlinu. Farið verður í heimsókn í atvinnuleikhús þar sem sjónum er beint að vinnusiðferði í leikhúsinu. Leitast verður við að svara spurningunni um hvað sé fagmennska.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á fagumhverfi sviðslista,
- ▶ geta greint verkþætti sviðsetninga,
- ▶ vera meðvitaðir um vægi og ábyrgð einstakra listamanna í samsköpunarferli,
- ▶ hafa þekkingu á helstu verkferlum við sviðsetningar,
- ▶ vera meðvitaðir um faglega ábyrgð og siðferði sviðslistanna.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Steinunn Knútsdóttir

## Gestavinnustofa

---

### GEV0002L

2 ECTS

Vor – vinnustofur

Skylða fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### Lýsing

Nemendur vinna með og kynnast aðferðum og fagurfræði gestalistamanns eða hóps gestalistamanna.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst ólíkum listsköpunaraðferðum gestalistamanna og geta sett þær í samhengi við eigin sköpun,
- ▶ hafa sýnt færni til að semja stutt atriði í samstarfi við aðra,
- ▶ hafa tileinkað sér vísýni í vinnubrögðum og samstarfi,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem kynntar eru á námskeiðinu.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: N.N.

## Grísku harmleikirnir og samtíminn

### **GHS0002S**

2 ECTS

Haust – fræði

Skylda fyrir 2. ár leikarabrautar

#### **Lýsing**

Í námskeiðinu sem er kennt samhliða verklegu námskeiði í grískum harmleikum, verður farið sérstaklega í þá þætti sem einkenna gríska harmleiki og þann hugmyndaheim sem þeir eru sprottnir úr. Leitast verður við að varpa ljósi á sögulegan og heimspekilegan bakgrunn verkanna og farið verður í dramatúrgískar aðferðir þeirra, byggingu og hlutverk kórsins. Samtímauppsetningar á grískum leikverkum verða sérstaklega skoðaðar og velt fyrir sér hvernig þessi leikverk geta talað til okkar í samtímanum í dag.

#### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðis eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á hugmyndaheimi verkanna og geta tjáð sig um efnið munnlega og skriflega
- ▶ hafa þekkingu á dramtúrgískum eiginleikum grískra harmleikja og geta fjallað á sjálfstæðan hátt um efnið
- ▶ hafa þekkingu á mismunandi nálgunum og uppsetningum á grískum harmleikjum í samtímanum og geta tjáð sig um efni þeirra og uppsetningar munnlega og skriflega.
- ▶ hafa hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar um efnið og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni,

Námsmat: Munnleg og skrifleg verkefni

Umsjónakennari: Alexander Roberts

Kennari: Rúnar Guðbrandsson

## Íslensk Leiklistarsaga

### ISL0004L

4 ECTS

Vor – fræði

Skylda fyrir 1. ár leikarabrautar og sviðshöfundabrautar

### Lýsing

Í námskeiðinu verður farið yfir sögu íslenskrar leiklistar frá 19. öld til samtímans en einnig litið til leikrænnar menningar á Íslandi fyrir á öldum. Að auki verður varpað fram spurningum um rannsóknaraðferðir í leiklistarsögu, hvar heimildir er að finna, úrvinnslu þeirra og helstu vandamál sem við er að etja í leiklistarsögulegum rannsóknum.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja helstu strauma og áhrifavalda íslenskrar leiklistarsögu og leikritunar,
- ▶ hafa sýnt almenna færni í grunnatriðum rannsókna á afmörkuðum viðfangsefnum íslenskrar leiklistarsögu,
- ▶ kunna að leita sér upplýsinga og heimilda um íslenska leiklistarsögu og þekkja til helstu rannsókna á því sviði,
- ▶ geta greint heimildir og unnið úr þeim á gagnrýnninn hátt,
- ▶ hafa skilning á stöðu og starfsumhverfi íslenskra sviðslista í sögulegu og menningarlegu samhengi,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um viðfangsefni námskeiðsins.

Námsmat: Ritgerð og verkefni.

Umsjónarkennari: Magnús Þór Þorbergsson

## Kyogen – Samurai gamanleikir

### **KSG0002S**

2 ECTS

Vor – Vinnustofa

Tungumál: Enska

Val sviðslistadeild, millideildarval, Opni Listaháskólinn

### **Lýsing**

Kyogen er aldagömul japönsk hefð gamanleikja sem leiknir voru í hléi á milli háalvarlegra Noh verka til þess að veita áhorfendum losun. Á námskeiðinu verður unnið með leikaraþjálfun samkvæmt Kyogen hefðinni eins og hún hefur verið stunduð í 600 ár í Kyoto. Unnið verður með stöður, göngur, gjörðir, japanska blævængi “ogi” og grunnlögmál “lazzi” sem er einskona japanskur látbragðsleikur. Unnið verður að því að sviðsetja stutta senu úr hefðbundnu Kyogen verki.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til uppruna Kyogen hefðarinnar,
- ▶ þekkja grunnlögmál lazzi og líkamlegra aðferða Kyogen,
- ▶ geta beitt grunnaðferðum Kyogen í skapandi vinnu,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo komi að gagni í skapandi vinnu,
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Igor Dostalek

## Leiktúlkun I

### LTÚ010010

10 ECTS

Haust – vinnustofa

Skylda fyrir 1. ár leikarabrautar

### Lýsing

Námskeiðinu er ætlað að vekja nemandann til meðvitundar um eigin tjáningartæki og möguleika þeirra. Áherslan er á að nemandinn kynnist handverki og list leikarans í gegnum tækni, æfingar og vinnu út á gólfi. Gerðar eru æfingar til þess að þjálfa líkamsvitund, rýmisvitund, samvinnu, samsömunarhæfni og óþvingaða sviðstilveru. Nemendur fá þjálfun í leiktækni Stanislavskis, með sérstakri áherslu á kerfi líkamlegra gerða, markmið námskeiðsins er að leysa úr læðingi skapandi krafta listamannsins og gera nemandann meðvitaðan um eigin sköpunargáfu. Auk þess kynnst þau undirstöðuatriðum í aðferðum Michael Chekhovs.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst tæknilegri þjálfun leikarans og vaknað til meðvitundar um eigin líkama sem verkfæri til listsköpunar,
- ▶ hafa skerpt tilfinningu sína fyrir rými og tíma, formi og stíl og geta beitt viðeigandi tækni,
- ▶ hafa skilning á nauðsyn og gagnsemi þjálfunar og æfinga í daglegu starfi leikarans,
- ▶ vera meðvitaðir um eigin tjáningartæki, möguleika þeirra og þátt ímyndunarafsisins í allri sköpun,
- ▶ hafa skilning á hugtökum kerfis líkamlegra gerða, svo sem gjörðum, ásetningi, hindrunum, drífandi forsendum og herbrögðum, og geta beitt þeim í leiktúlkun,
- ▶ hafa skilning á og geta unnið með hið persónulega í listrænu samhengi,
- ▶ hafa þjálfað samsömunarhæfni sína og sviðstilveru,
- ▶ geta leyst leiktúlkunarverkefni af áráðni,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo að komi að gagni í vinnu úti á gólfi,
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta tjáð sig munnlega og skriflega um eigið vinnuferli.

Námsmat: Símat, verkefni, vinnubók og greinagerð

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Stefán Jónsson, Stefán Hallur Stefánsson off.

## Leiktúlkun II

### LTÚ02001S

10 ECTS

Vor – vinnustofur

Forkröfur: Leiktúlkun I

Skylda fyrir 1. ár leikarabrautar

#### Lýsing

Afram er unnið með leiktúlkunaraðferðir Stanislavskis, kerfi líkamlegra gerða, gegnum texta úr skáldsögum og leikritum. Farið er í karaktersköpun og vinnu með persónur, gerðalega greiningu verka og senuvinnu. Unnið er með ímyndunarafl, samsömun og skilningarvit til þess að efla sviðstilveru nemandans. Sömmuleiðis kynnast nemendur vinnuaðferðum leikhúss líkamans (physical theatre), þar sem áhersla er lögð á að þjálfa líkams- og rýmisvitund nemandans, sviðstilveru hans og samband við áhorfendur. Markmið námskeiðsins er að veita nemandanum trausta undirstöðu í leiktúlkun, efla meðvitund hans um eigin sköpunargáfu og auka færni hans í að beita þeim aðferðum, sem lagðar eru til grundvallar. Einnig eru nemendur kynntir fyrir tækjabúnaði leikhússins, ljósa-, hljóð-, og myndbúnaði og fá grunnþjálfun í notkun þessara þátta.

#### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera meðvitaðir um eigin tjáningartæki og þátt ímyndunaraflsins í allri sköpun,
- ▶ hafa frekari skilning á hugtökum kerfis líkamlegra gerða, og geta beitt þeim í leiktúlkun,
- ▶ hafa aukna þekkingu á greiningarkerfi gerða og vinnu í stóra og miðju hring og geta beitt henni í senuvinnu,
- ▶ hafa þjálfað frekar samsömunarhæfni sína og sviðstilveru,
- ▶ hafa þekkingu á aðferðum og tækni í leikhúsi líkamans og geta beitt hvoru tveggja verklega,
- ▶ hafa færni í að skapa persónu með þeirri leiktækni sem við á,
- ▶ hafa skilning á mikilvægi samhæfingar tækni, tjáningar og sköpunar í lifandi listflutningi,
- ▶ geta unnið með hið persónulega í listrænu samhengi,
- ▶ hafa þróað með sér faglega nálgun og gagnrýna hugsun,
- ▶ geta leyst leiktúlkunarverkefni af áráðni og sjálfstæði,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo að komi að gagni í leiktúlkun,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta tjáð sig munnlega og skriflega um eigið vinnuferli.
- ▶ hafa grunnþekkingu á notkun ljósa-, hljóð og myndbúnaðar og þannig að nýtist í skapandi ferli.

Námsmat: Símat, verkefni, vinnubók og greinagerð.

Umsjónarkennari: Stefán Jónsson

Kennarar: Stefán Jónsson, Egill Ingibergsson, Stefán Hallur Stefánsson o.fl.

## Leiktúlkun III

### LKT0316S

16 ECTS

Vor – vinnustofur

Forkröfur: Leiktúlkun II

Skylda fyrir 2. ár leikarabrautar

### Lýsing

Unnið er með mismunandi aðferðir í leiktækni, með það að markmiði að dýpka tæknilega færni nemandans í leiktúlkun. Áfram er unnið með líkamlega hæfni, samhæfingu, spuna og samleik á sviði í gegnum leikhúss líkamans. Ennfremur fá nemendur kennslu í grundvallaratriðum kvikmyndaleiks og starfsumhverfi kvikmynda. Í vinnu með leiktexta Forn- Grikkja er áherslan á samruna raddtækni, líkamsbeitingar og leiktúlkunar. Á námskeiðinu fá nemendur þjálfun í að leika frammi fyrir áhorfendum, þar sem reynir á tæknilega færni, úthald og stærð.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér þá aðferðafræði í leiktúlkun sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa tileinkað sér þá raddtækni og textameðferð sem lögð er til grundvallar þannig að nýtist leiktúlkun,
- ▶ hafa færni í hlustun og samvinnu,
- ▶ hafa náð frelsi í líkamsbeitingu, góðu jarðsambandi, styrkri miðju og auknu líkamlegu úthaldi í leik,
- ▶ hafa öðlast skilning á sérstöðu leikbókmennta forngríkkja og geta nýtt sér hann í leiktúlkun,
- ▶ hafa sýnt færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum og víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð.

Umsjónakennari: Stefán Jónsson

Kennarar: N.N.



## Leiktúlkun IV

### LKT0416S

16 ECTS

Vor – vinnustofur

Forkröfur: Leiktúlkun III

Skylda fyrir 2. ár leikarabrautar

### Lýsing

Afram er unnið að því að dýpka tæknilega færni nemandans í gegnum fjölbreytt verkefni sem kalla á ólíka nálgun í leiktækni og útfærslum. Nemendur fá frekari þjálfun í kvikmyndaleik þar sem áhersla er lögð á tæknilega vinnu leikarans fyrir framan linsuna, allt frá undirbúningi, til upptöku. Nemendur vinna að stuttum einleik þar sem þeir nýta sér þá kunnáttu sem þeir hafa tileinkað sér. Unnið er með bundið mál af ýmsum toga, flutning þess og túlkun. Fengist verður við senur úr verkum Shakespeares, þær greindar og sviðsettar. Á námskeiðinu verður unnið að samþættingu raddar, líkama og túlkunar í eina lífræna heild. Á námskeiðinu fá nemendur frekari þjálfun í að leika frammi fyrir áhorfendum, þar sem reynir á tæknilega færni, úthald og stærð.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér enn betur þá aðferðafræði í leiktúlkun sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa öðlast meiri skilning og vald á þeirri raddtækni og textameðferð sem lögð er til grundvallar þannig að nýtist í leiktúlkun,
- ▶ hafa náð auknu frelsi og öryggi í líkamsbeitingu þannig að nýtist í leiktúlkun.
- ▶ hafa öðlast skilning á starfsumhverfi kvikmynda.
- ▶ hafa öðlast skilning á sérstöðu leikbókmennta Shakespeare og geta nýtt sér hann í leiktúlkun,
- ▶ hafa eftir gagnrýna hugsun sína í listrænu ferli og geta beitt henni á faglegan hátt,
- ▶ geta enn betur nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu.
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum ásamt vísýni og frumleika í hugsun,
- ▶ hafa sýnt færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð.

Umsjónakennari: Stefán Jónsson

Kennari: N.N.

## Leikritun og greining I

### **LG01002S**

2 ECTS

Haust – fræði

Skylða fyrir 1. ár leikarabrautar og sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður farið í hefðbundna leikritagreiningu. Rýnt er í undirstöðuatriði leikritagreiningar, sem byggir á greiningarkerfi gjörða kennt við Rússann Tovstonogov. Helstu hugtök greiningarkerfisins eru kynnt og valin verk notuð til þjálfunar í greiningarvinnu.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna þekkingu á greiningarkerfi gjörða og þeim forsendum sem þar liggja til grundvallar og geta nýtt þekkingu sína og skilning til fræðilegrar iðju,
- ▶ sýna þekkingu á straumum og stefnum innan þeirrar leikritunar sem leitast við að hafna hefðbundnum dramatískum lögmálum ásamt forsendum sem liggja þeim til grundvallar, og geta nýtt þá þekkingu og skilning til fræðilegrar iðju,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geta nýtt sér fræðitexta við vinnu sína,
- ▶ sýna færni í að rökstyðja fræðilegar og/eða hagnýtar úrlausnir í greininni og hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ sýna hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Greiningarverkefni og smærri verkefni

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

Kennari: Stefán Hallur Stefánsson

## Leikritun og greining II

### **LG02002S**

2 ECTS

Vor – fræði

Forkröfur: Leikritun og greining I

Skylda fyrir 1. ár leikarabrautar og sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður sjónum beint að straumum og stefnum innan þeirrar leikritunar sem hafnar hefðbundnum dramatískum lögmálum, byggingu, línulegri framvindu og persónusköpun. Velt verður upp spurningum um þau lögmál sem liggja slíkum verkum til grundvallar, hvernig hægt sé að nálgast þau til greiningar og þau skoðuð í menningarlegu og samfélagslegu samhengi.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á straumum og stefnum innan þeirrar leikritunar sem leitast við að hafna hefðbundnum dramatískum lögmálum ásamt forsendum sem liggja þeim til grundvallar, og geta nýtt þá þekkingu og skilning til fræðilegrar iðju,
- ▶ þekkja möguleika og takmarkanir samtímaleikritunar og geta skoðað hana í samhengi við aðrar listgreinar, menningu og samfélag,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geta nýtt sér fræðitexta við vinnu sína,
- ▶ sýna færni í að rökstyðja fræðilegar og/eða hagnýtar úrlausnir í greininni og hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ sýna hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Greiningarverkefni og smærri verkefni

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

Kennari: N.N.

## Líkaminn í sviðslistum og menningu

### **LSM0004S**

4 ECTS

Vor – vinnustofur

Skylda fyrir 2. ár samtímadansbrautar og sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er megináhersla lögð á að skilgreina mismunandi hugmyndir um líkamann sem sýnilegar eru innan sviðslista sem og lista almennt og greina á fræðilegan hátt. Mismunandi birtingarmyndir líkamans eru skilgreindar og greindar í samfélagslegu og menningarlegu samhengi út frá kenningum og hugmyndafræði sem tengdar eru líkamanum. Notkun og breytilegar birtingarmyndir líkamans í aldanna rás eru skoðaðar en megináhersla er lögð á þá þróun sem átt hefur sér stað í sviðslistum (*performance art*) og menningu á 20. öld og 21. öld.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á birtingarmyndum líkamans í listum almennt og skilja merkingu/stöðu þeirra í samtímanum svo nýtist við greiningu ímynda og verka,
- ▶ kunna skil á og þekkja til þróunar og notkunar á líkamanum í listum,
- ▶ hafa öðlast skilning á þeim hugmyndafræðilegu og samfélagslegu þáttum sem hafa haft áhrif á notkun og ímyndir mannlíkamans í listum,
- ▶ hafa sýnt skilning á fræðilegum textum og getu til að nýta sér þá við vinnu sína,
- ▶ geta beitt þeim aðferðum og hugtökum liggja til grundvallar í námskeiðinu við greiningu ímynda og verka,
- ▶ hafa sýnt hæfni í akademískum vinnubrögðum, ritgerðasmíð, heimildaleit og úrvinnslu,
- ▶ geta tjáð sig skriflega og munnlega um efnið með gagnrýnum hætti,
- ▶ þekkja undirstöðuatriði leitar – og upplýsingatækni og geta beitt henni í verkefnum og ritgerðum.

Námsmat: Ritgerð og verkefni.

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

## Óhefðbundin leikrými

### ÓHL0006S

5 ECTS

Haust – vinnustofur

Val fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar og samtímadansbrautar

### Lýsing

Á námskeiðinu er rýmið sjálft uppspretta sköpunar. Unnið verður með óhefðbundin leikrými þar sem staðsetning, arkitektúr, aðstæður og jafnvel saga rýmisins verða stökkpallur inn í verklega vinnu. Varpað verður fram spurningum um og gerðar tilraunir með hvernig rými stýrir skynjun og skilningi, hvernig það er hlaðið merkingu, hvernig það getur mótað sviðsetningu o.s.frv.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa sýnt skilning og þekkingu á möguleikum rýmis við sköpun og færni í að vinna verklega með rými sem efnivið í listrænni sköpun,
- ▶ geta sem listamenn sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heildstæðri sviðsetningu,
- ▶ hafa sýnt færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum og víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ hafa sýnt færni til að miðla listrænum hugmyndum sínum í sviðsetningu,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með á námskeiðinu,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að gagnist í listrænni vinnu.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð.

Úmsjónarkennarar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennari: N.N.

## Raddbeiting

---

### RBSV002S

2 ECTS

Haust – tækni

Skylða fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### Lýsing

Unnið er með alla grunnþætti raddbeitingar: öndun, tengingu raddar og líkama, opnun hljóms, raddmótun og hljóðmótun. Rík áhersla er lögð á samspil raddar, líkama og rýmis. Unnið er með æfingar sem stuðla að frelsi í texta.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa sýnt skilning og þekkingu á grundvallaratriðum raddbeitingar,
- ▶ hafa kynnst eigin rödd sem verkfæri og eiginleikum hennar,
- ▶ geta unnið með eigin rödd á tæknilegan og skapandi máta,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferli sitt.

Námsmat: Símat og greinagerð.

Umsjónarkennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir

Kennari: Hilmir Jensson

## Raddbjálfun I

### **RAD0001L**

1 ECTS

Vor – tækni

Tungumál: Enska ef samsetning nemendahóps gefur tilefni til.

Skylda fyrir 2. ár samtímadansbrautar

### **Lýsing**

Unnið með alla undirstöðuþætti raddbeitingar; öndun, tengingu raddar og líkama, opnun hljóms, raddmótun, hljóðmótun. Unnið með frelsi í blæ og lit raddar, texta og túlkun.

### **Hæfniviðmið:**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja grunnþætti raddbeitingar vel og geta unnið með þá,
- ▶ hafa kynnst eigin rödd og eiginleikum hennar og geta unnið út frá þeirri þekkingu,
- ▶ geta unnið sjálfstætt með eigin rödd, á tæknilegan og skapandi máta.

Námsmat: Símat. og greinargerð.

Umsjónarkennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir

## Rdf/Lókal

---

### **RDFLÓKOOS**

2 ECTS

Haust – vinnustofa

Val sviðslistadeild, millideildarval, Opni Listaháskólinn

### **Lýsing**

Nemendur taka þátt í framkvæmd sviðslistahátíðanna RDF og LOKAL, undirbúningi þeirra framkvæmd og frágangi. Verkefnin eru af ólíkum toga en nemendurnir vinna náið með listamönnum hátíðarinnar, skipuleggjendum og öðrum aðstandendum að uppsetningum, kynningum, tæknimálum, móttöku og að öðrum tilfallandi verkefnum sem falla til við framkvæmd hátíðanna.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa innsýn í ólíka verkþætti sviðslistahátíða og umfang slíkrar starfsemi,
- ▶ hafa aukinn skilning á starfsumhverfi sviðslista í gegnum reynslu á vettvangi,
- ▶ geta framfylgt verkáætlunum á ábyrgan hátt og geta beitt hugviti við úrlausnir verkefna,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í samstarfi.

Námsmat: Símat og greinagerð.

Umsjónarkennari: Ragnheiður Skúladóttir



## Saga leikstjórans

### **SALE0002S**

2 ECTS

Haust – fræði

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Í þessu námskeiði verður farið yfir sögu og aðferðir innan leikstjórnar allt frá því að hugmyndin um leikstjórnar kom fyrst fram til dagsins í dag. Farið verður í mismunandi aðferðir og nálganir innan leikstjórnar, sem og í þróun á hugmyndafræðilegum, heimspekilegum og samfélagslegum hugmyndum sem tengjast hlutverkinu innan leikhússins og hvernig það speglast í samtímanum.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á mismunandi kenningum, hugtökum og aðferðum leikstjórans og geta nýtt þá þekkingu til fræðilegrar sem og verklegrar iðju,
- ▶ hafa þekkingu á helstu straumum og áhrifavöldum í sögu leikstjórnar og þeim forsendum og samhengi sem liggja þar til grundvallar,
- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og hæfni til að nýta sér þá við greiningu á eigin viðfangsefnum,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ sýna hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Verkefni: Símat, ritgerð og minni verkefni

Umsjónarkennari: Karl Ágúst Þorbergsson

## Samræður

---

### SAMR001S

2 ECTS

Haust og vor – vinnustofur

Skylða fyrir allar annir á sviðshöfundabraut

### Lýsing

Í námskeiðinu taka nemendur þátt í samræðum með fagstjóra sínum, öðrum nemendum brautarinnar og gestalistamönnum þegar það á við. Námskeiðinu er ætlað að skapa vettvang fyrir samræður um listrænar áherslur og stefnu hvers nemanda, faglega gagnrýni á eigin verk og annarra og uppbyggilega og opna umræðu. Nemendur kynna verk sín og hugmyndir en þess utan er námskeiðið einnig vettvangur fyrir umræðu um stefnur og strauma í samtímasviðslistum í víðu samhengi. Hluti námskeiðsins snýr að skráningu (documentation) nemenda á eigin verkum og vinnu innan sviðslista, innan skóla sem utan, í ferilmöppur sem skilað er í lok hverrar annar.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ Vera meðvitaðir um eigin listræna sýn og hafa sýnt færni til að miðla henni,
- ▶ Hafa færni í að skrásetja eigin verk og geta miðlað þeim með skýrum hætti í gegnum ferilmöppur,
- ▶ Hafa faglega meðvitund og skilning á stöðu sviðslista í samtímanum.
- ▶ Hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á eigin verk og annarra og geta tekið þátt í gagnrýnum og faglegum umræðum um eigin verk og annarra, sem og sviðslistir á breiðum grunni.

Námsmat: Ferilmappa og símat.

Umsjónarkennari: Una Þorleifsdóttir

## Samtal

---

### SAMT0002S

2 ECTS

Vor – vinnustofur

Val í sviðslistadeild, millideildarval

### Lýsing

Sameiginlegt námskeið allra deilda Listaháskóla Íslands þar sem nemendur starfa í blönduðum hópum innan sama ramma. Á tímabilinu vinna hóparnir að samsetningu verka eða upptákoma þar sem samþætting ólíkra hugmynda og aðferða er höfð að leiðarljósi. Fram fara umræður og haldnir verða fyrirlestrar sem tengjast námsefninu og leiðbeinendur leggja línurnar við úrvinnslu og framsetningu verkefna. Leitast verður við að kanna hverjir möguleikar hinna mismunandi listgreina eru þegar samtal verður á milli þeirra út frá einu sameiginlegu þema/verkefni.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera meðvitaðir um snertifleti á milli ólíkra listforma og geta nýtt sér hana með skapandi hætti,
- ▶ geta miðlað af eigin þekkingu og reynslu til samstarfsfólks úr öðrum greinum,
- ▶ kunna að beita viðeigandi aðferðum í samsköpunarferli,
- ▶ hafa þróað með sér víðsýni í vinnu og samstarfi,
- ▶ hafa öðlast færni til þess að nýta sér sameiginlega reynslu nemenda við listrænar útfærslur.

Námsmat: Símat og verkefni

Umsjónarkennari: N.N.

Kennarar: Ýmsir

## Samtímasviðslistir, nálganir og aðferðir

### **LNA005S**

5 ECTS

Haust – fræði

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Hvernig getum við nálgast verk sviðslistamanna, ekki út frá sýningunni sjálfri, heldur út frá þeim aðferðum sem þeir hafa þróað? Í þessu námskeiði verða skoðaðar mismunandi nálganir og aðferðir meðal sviðslistamanna á 20. og 21. öldinni. Farið verður í þróun á hugmyndafræðilegum, heimspekilegum og samfélagslegum hugmyndum sem tengjast samtímasviðslistum og skoðað hvernig þær speglast í vinnuaðferðum listamannana.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á aðferðum sviðslistamanna, kvenna og hópa á 20. og 21. öldinni
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum
- ▶ sýna færni í að rökstyðja fræðilegar og/eða hagnýtar úrlausnir og hæfni til að setja fram og lýsa rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ sýna hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Kynning, vinnubók, ritgerð, símat.

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

Kennari: N.N.

## Samtímasviðslistir, pólitík og fagurfræði

### SLPF002S

2 ECTS

Vor – fræði

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### Lýsing

Allt aftur til daga Platós má finna rökræður um möguleika listarinnar í samfélaginu. Sú umræða er enn eins mikilvæg þá og í dag. Þetta námskeið mun rannsaka skrif fimm fræðinga sem öll fjalla um efnið á mismunandi hátt: Chantal Mouffe, Jacques Ranciere, Claire Bishop, Dorothea von Hantelmann og Florian Malzacher og velt verður upp margbreytilegum spurningum varðandi félagslega og pólitíska möguleika listarinnar. Sérstaklega verður velt upp spurningum varðandi „stofnunina“, orðræðu í tengslum við siðfræði, hugmyndafræði og fagurfræði, sem og skoðaðar nýlegar aðferðir innan sviðslistanna þar sem skilin á milli listarinnar og aktívisma eru óljós.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á þeim kenningum, hugtökum og aðferðum sem liggja til grundvallar námskeiðinu og geta nýtt þá þekkingu til fræðilegrar sem og verklegrar iðju,
- ▶ hafa þekkingu og skilning á helstu straumum og áhrifavöldum í tengslum við efni námskeiðisins og þeim forsendur og samhengi sem liggja þar til grundvallar,
- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og hæfni til að nýta sér þá við greiningu sinna eigin viðfangsefna,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir út frá fræðilegum forsendum og geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknaniðurstöðum í töluðu og rituðu máli,
- ▶ sýna hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Verkefni: Símat, skrifleg verkefni

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

## Shakespeare í samtímanum

### **SÍSO002S**

2 ECTS

Vor – fræði

Skylda fyrir 2. ár leikarabrotar

### **Lýsing**

Á þessu námskeiði, sem mun vera kennt samhliða verklegu námskeiði í sama efni, þá verður farið í fræðilega nálgun á Shakespeare, með það að markmiði að dýpka verklegu nálgun nemenda. Shakespeare er heimsfyrirbæri og virðist verk hans, efni þeirra og hugmyndir eiga sífellt við samtímann okkar. Eftir að hafa verið þýddur og settur upp á yfir 80 tungumálum má spyrja – hvað gerir hann svo aðgengilegan? Hvernig tala verk hans til svo mismunandi menningarheima og samfélaga? Nemendur munu kynna sér heim og skrif Shakespearea og velta fyrir sér verkum hans út frá mismunandi dramatúrgískum sjónarhornum. Farið verður í mismunandi þætti sem tengjast samfélagi hans, hugmyndum og verkum, og þeir rannsak- aðir á fjölbreyttan hátt, sem og horft verður á samtímauppsetningar á verkum hans.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ Hafa þekkingu á sögulegum og heimspekilegum bakgrunni verka Shakespeares og geta tjáð sig um efnið munnlega og skriflega,
- ▶ Hafa þekkingu á dramtúrgískum eiginleikum verka Shakespeares og geta fjallað á sjálf- stæðan hátt um efnið munnlega sem og skriflega,
- ▶ Hafa þekkingu á mismunandi nálgunum og uppsetningum á verkum skáldsins og geta tjáð sig um efni þeirra og uppsetningar munnlega og skriflega,
- ▶ hafa hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar um efnið og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Kynnt síðar.

Umsjónakennari: N.N.

Kennari: N.N.

## Skapandi ferli III

### SKP0312S

13 ECTS

Haust – vinnustofur

Forkröfur: Skapandi ferli II

Skylda fyrir 2. ár samtímadansbrautar

### Lýsing

Á námskeiðinu er lögð megináhersla á skapandi vinnuferli þar sem kynntar verða ólíkar kenningar, hugtök og aðferðir danssmíða, rýmis, ljóss, myndbanda, hljóðs og fleiri skapandi miðla sem notaðir eru í listrænu ferli. Námskeiðið samanstendur af ólíkum þáttum sem hver um sig reynir á sköpunargáfu og ímyndunarafl nemandans.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta tekið virkan þátt í listrænu samstarfi af mismunandi umfangi og út frá ólíkum forsendum,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrunðvelli, tekið tillit til ólíkra sjónarmiða og hlustað á aðra af virðingu,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á þeirri hugmyndafræði og færni í þeim aðferðum sem lagðar eru til grundvallar og geta nýtt sér þær til sköpunar á sjálfstæðan hátt.,
- ▶ hafa öðlast reynslu við sköpun dansverks og hugmyndaheims undir handleiðslu danshöfundar,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum og víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ hafa öðlast skilning á þætti rýmis, hljóðs, lýsingar og annara miðla við sköpun sviðsverks,
- ▶ hafa öðlast faglega meðvitund um eigin líkama sem verkfæri til listsköpunar,
- ▶ geta samhæft tækni, tjáningu og sköpun í lifandi listflutningi,
- ▶ geta tjáð sig munnlega og skriflega á skýran og skilmerkilegan hátt um eigin listsköpun og vinnuferli.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennarar: Ýmsir

## Skapandi ferli IV

### SKF0412S

13 ECTS

Vor – vinnustofur

Forkröfur: Skapandi ferli III

Tungumál: Íslenska og enska

Skylda fyrir 2. ár samtímadansbrautar

### Lýsing

Á námskeiðinu er haldið áfram að leggja áherslu á skapandi vinnuferli (vinnustofur). Þar verða kynntar ólíkar kenningar, hugtök og aðferðir danssmíða, spuna og samsetningaraðferða, dansmyndagerðar, tækniúthverfi tónlistar og fleiri skapandi miðla sem notaðir eru í listrænu ferli. Námskeiðið samanstendur af ólíkum þáttum sem hver og sig reyna á sköpunargáfu, færni og ímyndunarafi nemandans.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta haldið áfram að vinna í hópi á jafningjagrunðvelli, tekið tillit til ólíkra sjónarmiða og hlustað á aðra af virðingu,
- ▶ halda áfram að öðlast þekkingu og færni í þeim aðferðum og hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar og geti nýtt sér þær til sköpunar á sjálfstæðan hátt,
- ▶ hafa gott tónlistarinnshæfi og geta nýtt sér það við túlkun á dansverki,
- ▶ hafa öðlast enn frekari reynslu við sköpun dansverks og hugmyndaheims undir handleiðslu danshöfundar,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og lært danssetningar sem og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni í listrænni vinnu,
- ▶ hafa tamið sér enn meira sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnuböggðum víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta samhæft tækni enn frekar, tjáningu og sköpun í lifandi listflutningi,
- ▶ geta tjáð sig munnlega sem skriflega á skýran og skilmerkilegan hátt um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ geta undirbúið og sýnt nýtt sköpunarverk fyrir framan áhorfendur,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á helstu aðferðum dansmyndagerðar og getað beitt þeim við sköpun merkingar í dansmynd,
- ▶ hafi öðlast grundvallar verkþekkingu og færni í dansmyndagerð og notkun almennra forrita í þeirri vinnu,
- ▶ geta gert sér grein fyrir áhrifum stílbrigða og mynduppbyggingar á merkingu dans í dansmyndum,
- ▶ hafa kynnst hinum ýmsu möguleikum í tækniúthverfi tónlistar.

Námsmat: Símat, verkefni og greinagerð.

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennarar: Ýmsir



## Skipt um kyn

### SUK0002L

2 ECTS

Vor – vinnustofur

Val sviðslistadeild, millideildarval, Opni Listaháskólinn

### Lýsing

Á þessu námskeiði sem er fræðilegt og verklegt, kryfjum við kynin. Við skoðum hvað það er sem greinir kynin í sundur í félagslegri hegðun og atferli. Við skoðum staðalmyndir kynjanna eins og þær birtast okkur í samfélaginu og í fjölmiðlum og í okkar eigin daglega lífi. Við fáum til okkar sérfræðinga, í málefnum sem tengjast umfjöllun okkar, með fyrirlestra. Verklega þættinum er kynjaskipt, konurnar rannsaka karlmennskuna í sér og umhverfinu og karlarnir rannsaka kvenleikann. Allir nemendur skapa persónu af hinu kyninu sem við vinnum með á námskeiðinu í spunum og senuvinnu.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sett sig í spor hins kynsins og hafa öðlast betri skilning á því,
- ▶ hafa tileinkað sér líkamsbeitingu, hegðunarmunstur og sérkenni gagnstæðs kyns,
- ▶ geta leikið með sannfærandi hætti manneskju af hinu kyninu,
- ▶ geta unnið í hópi á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo komi að gagni í vinnu út á gólfi,
- ▶ geti tjáð sig munnlega og skriflega um eigið vinnuferli,
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín.

Námsmat: Virkni, verkefni, greinagerð

Umsjónakennari: NN

Kennari: NN

## Sviðslistasaga I : Frá rituali til raunsæis

### **SRR01007S**

7 ECTS

Haust – fræði

Skylda fyrir 1. ár leikarabráutar og sviðshöfundabráutar

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður velt upp spurningum á borð við hvert var upphafið, hvar eigum við að leita fanga og hvernig getum við greint og rýnt í sögu miðils sem byggir á lifandi augnablikum en ekki skrifuðum heimildum. Farið verður í þróun og sögu sviðslista frá upphafi þeirra í trúar- og helgiathöfnum, í skrifum Aristótelesar og leikhúsi Grikkja fram til þeirra breytinga sem áttu sér stað um aldamótin 1900. Einnig verður farið í þá hugmyndafræðilegu og samfélagslegu breytingar sem hafa haft áhrif á sviðslistirnar í gegnum aldirnar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og kunna skil á upphafi og þróun sviðslista frá fornum helgiathöfnum og leiklist Grikkja til aldamótanna 1900,
- ▶ vera færir um að tjá sig skriflega, munnlega og verklega um námsefnið,
- ▶ vera færir um að rökstyðja fræðilegar og hagnýtar úrlausnir verkefna,
- ▶ hafa skilning á þeim hugmyndafræðilegu og samfélagslegu áhrifum sem stuðluðu að breytingum í sviðslistum á ofangreindu tímabili,
- ▶ geta unnið í hóp á jafningjagrunðvelli, tekið tillit til ólíkra sjónarmiða og hlustað á aðra af virðingu,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir og hugmyndir sem unnið er með,
- ▶ geta tekið þátt í gagnrýnni umræðu um eigin verk og annarra,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni bæði í listrænni og fræðilegri vinnu,
- ▶ kunna að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekki undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Verkefni: Verklegr og skrifleg verkefni

Umsjónakennari: Alexander Roberts

Kennari: Karl Ágúst Þorbergsson

## Sviðslistasaga II : Frá mótmodernisma til póstmótmodernisma

### **SMP02007S**

7 ECTS

Vor – fræði

Skylda fyrir 1. ár sviðslistadeildar

### **Lýsing**

Farið verður í þróun sviðslista frá því raunsæi sem ráðandi var um aldamótin 1900 til samtímaleikhúss og „performance“. Rýnt verður í þær breytingar sem eiga sér stað innan leiklistar með uppgangi mótmodernismans og síðar með tilkomu póstmótmodernískra hugmynda. Einnig verður farið í þær miklu hugmyndafræðilegu og samfélagslegu breytingar sem átt hafa sér stað á 20. og 21. öldinni og sem hafa haft áhrif á þróun sviðslista.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og kunna skil á þróun sviðslista frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag,
- ▶ vera færir um að tjá sig skriflega, munnlega og verklega um námsefnið,
- ▶ vera færir um að rökstyðja fræðilegar og hagnýtar úrlausnir verkefna,
- ▶ hafa skilning og þekkingu á þeim hugmyndafræðilegu og samfélagslegu áhrifum sem stuðluðu að breytingum í sviðslistum á ofangreindu tímabili
- ▶ geta unnið í hóp á jafningjagrunndvelli, tekið tillit til ólíkra sjónarmiða og hlustað á aðra af virðingu,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir og hugmyndir sem unnið er með,
- ▶ geta tekið þátt í gagnrýnni umræðu um eigin verk og annarra,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að það komi að gagni bæði í listrænni og fræðilegri vinnu,
- ▶ kunna að leita sér upplýsinga og efniviðar og þekki undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Verkleg og skrifleg verkefni

Umsjónakennari: Alexander Roberts

Kennari: Karl Ágúst Þorbergsson

## Sviðslistin og fræðin

### SF0002S

2 ECTS

Vor – fræði

Skylða fyrir 2. ár leikarabrautar

### Lýsing

Á námskeiðinu verða teknar fyrir mismunandi straumar og stefnur í hugmyndasögu 20. og 21. aldar. Farið verður í hvernig mismunandi og margbreytileg listræn og pólitísk hugmyndafræði hefur mótað fagurfræðilegar og gagnrýnar nálganir á sviðslistir í gegnum tíðina. Námskeiðið mun innihalda áhorf á dæmi úr sviðslistasögunni, umræður og gagnrýn skrif. Meðal efnistaka verður feminismi, marxismi, táknfræði og póstmóðernismi, svo eitthvað sé nefnt.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu straumum í hugmyndasögu 20. og 21. aldar og geta skoðað sviðslistir samtímans með hliðsjón af þeim,
- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og getu til að nýta sér þá við vinnu sína,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar út frá fræðilegum forsendum,
- ▶ geta beitt þeim aðferðum og hugtökum sem lagt er upp með á námskeiðinu við greiningu sviðsverka,
- ▶ hafa hæfni í akademískum vinnubrögðum, ritgerðarsmíð, heimildaleit og úrvinnslu,
- ▶ geta tjáð sig skriflega og munnlega um efnið með gagnrýnum hætti,
- ▶ geta leitað sér upplýsinga og efniviðar og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Munnleg og skrifleg verkefni

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

## Sviðslistir og saga -ismanna I

### **SSI01006S**

6 ECTS

Haust – fræði

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabrautar

### **Lýsing**

Á námskeiðinu á haust og vorönn verða teknar fyrir mismunandi straumar og stefnur í hugmyndasögu 20. og 21. aldar. Farið verður í hvernig mismunandi og margbreytileg listræn og pólitísk hugmyndafræði hefur mótað fagurfræðilegar og gagnrýnar nálganir á vestrænt leikhús og sviðslistir í gegnum tíðina. Námskeiðið mun innihalda áhorf á dæmi, umræður og gagnrýn skrif. Meðal efnistaka verður feminismi, marxismi, Society of the Spectacle eftir Guy Debord, kapitalismi, póstmódernismi og mismunandi kenningar innan sviðslistafræða, svo eitthvað sé nefnt.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu straumum í hugmyndasögu 20. og 21. aldar og geta skoðað sviðslistir samtímans með hliðsjón af þeim,
- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og getu til að nýta sér þá við vinnu sína,
- ▶ geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli, geta rökstutt skoðanir sínar út frá fræðilegum forsendum,
- ▶ geta beitt þeim aðferðum og hugtökum sem lagt er upp með á námskeiðinu við greiningu sviðsverka.

Námsmat: Ritgerð, fyrirlestur og verkefni.

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

## Sviðslistir og saga -ismanna II

### SSI02005S

5 ECTS

Vor – fræði

Forkröfur: Sviðslistir og saga -ismanna I

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabraut

### Lýsing

Á námskeiðinu, sem er byggt á Sviðslistir og saga – ismanna I, verður haldið áfram að taka fyrir mismunandi strauma og stefnur í hugmyndasögu 20. og 21. aldar. Áfram verður skoðað hvernig mismunandi og margbreytileg listræn og pólitísk hugmynda- fræði hefur mótað fagurfræðilegar og gagnrýnar nálganir á vestrænt leikhús og sviðslistir í gegnum tíðina. Námskeiðið mun innihalda áhorf á dæmi, umræður og gagnrýn skrif. Meðal efnistaka á þessu námskeiði verða hugmyndir innan feminisma og póstmóðernismi og fleiri mismunandi kenningar innan sviðslistafræða, svo eitthvað sé nefnt.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu straumum í hugmyndasögu 20. og 21. aldar og geta skoðað sviðslistir samtímans með hliðsjón af þeim,
- ▶ hafa skilning á fræðilegum textum og getu til að nýta sér þá við vinnu sína,
- ▶ geta sett fram og lýst fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum í töluðu og rituðu máli, geta rökstutt skoðanir sínar út frá fræðilegum forsendum,
- ▶ geta beitt þeim aðferðum og hugtökum sem lagt er upp með á námskeiðinu við greiningu sviðsverka.

Námsmat:

Umsjónarkennari: N.N

Kennari: N.N

## Sviðsetning hins persónulega

### **SHP0006**

6 ECTS

Vor – vinnustofur

Skylda fyrir 2. ár sviðshöfundabraut

### **Lýsing**

Í námskeiðinu verður sviðsetning hins persónulega sjálfs listamannsins í forgrunni. Leitast er við að skoða hvaða miðlunar möguleikar felst í þessari sviðsetningu, á hvaða sögulega grunni hún byggir og hvaða samfélagslegu og pólitísku vísanir hún felur í sér. Nemendur vinna verklega með sviðsetningu hins persónulega sjálfs og velta því fyrir sér hvaða vægi slík sviðsetning hefur á tímum botnlausrar sjálfsmiðlunar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning og þekkingu á sögulegum grunni sviðsetningar hins persónulega sem og á samfélagslegum og pólitískum vísunum slíkra sviðsetninga,
- ▶ hafa skilning og þekkingu á þeim miðlunar möguleikum sem felast í slíkri sviðsetningu og geta beitt henni við sköpun sviðsverka,
- ▶ hafa tileinkað sér þær aðferðir sem liggja til grundvallar námskeiðinu og geti beitt þeim í listrænu samhengi,
- ▶ geta sem listamenn sett fram listræna hugmynd, þróað hana og skilað henni af sér í heildstæðri sviðsetningu,
- ▶ hafa sýnt færni í listrænu samstarfi á jafningjagrundvelli,
- ▶ hafa tamið sér sjálfstæði, sjálfsaga og fagmennsku í vinnubrögðum og víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta með gagnrýnum hætti tjáð sig munnlega og skriflega um eigin listsköpun og vinnuferli,
- ▶ hafa sýnt færni til að miðla listrænum hugmyndum sínum í sviðsetningu,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem unnið er með í námskeiðinu,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn og unnið úr athugasemdum þannig að gagnist í listrænni vinnu.

Námsmat: Nánar síðar

Umsjónarkennari: Karl Ágúst Þorbergsson

## Sýningargreining

### **SGR0002S**

2 ECTS

Haust – fræði

Skýlda fyrir 1. ár sviðslistadeildar

### **Lýsing**

Námskeiðið mun þjóna sem inngangur inn í sýningargreiningu með því að taka grunn þætti líkt og ljós, rými, búninga, frásögn og karaktersköpun sem upphafspunkt fyrir greiningu og umræður. Nemendur munu horfa á mismunandi gerðir sviðslistaverka, frá skrifuðum leikritum til “devised” sýninga, dansverka og kóreógrafíu – og verða þessi verk rædd og greind út frá mismunandi þáttum. Aðaláhersla námskeiðisins er að víkka út hugmyndir nemendanna, hvað er mögulegt innan samhengis sviðslistanna. Einnig verður farið í aðferðir til þess að skrifa og ræða um listformið sem nýttar verða sem útgangspunktur umræðu og greiningar.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ geta greint mismunandi form sviðslista,
- ▶ geta skrifað á gagnrýninn hátt um sviðlistir,
- ▶ geta tekið þátt í umræðum um sviðslistaformið,
- ▶ hafa öðlast skilning á fjölbreytilegu rófi sviðslistasýninga frá mismunandi tímum,
- ▶ hafa færni til að spyrja lykilsþurninga um þætti sem tengjast gerð sviðsverka ss. frásögn, rými, karaktersköpun, búningar, ljós og hljóð.

Námsmat: Símat og skrifleg verkefni

Umsjónarkennari: N.N.

Kennari: N.N.



## Trúðurinn og hin hlutlausa gríma

### THHG002S

2 ECTS

Haust – vinnustofur

Tungumál: Íslenska – enska

Skylda fyrir 2. ár leikarabrautar

### Lýsing

Á þessu námskeiði, sem mun vera kennt samhliða verklegu námskeiði í sama efni, þá verður farið í fræðilega nálgun á trúðnum og hinni hlutlausu grímu með það að markmiði að dýpka verklegu nálgunina. Nemendur verða kynntir fyrir sögu hinna mismunandi leikstíla sem hafa þróast í tengslum við þessar hugmyndir, með sérstaka áherslu á *Gestural acting* og notkun á grímunni, og þá bæði aðferðir hlutlausu grímunnar og grímunnar innan aðferða trúðsins.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á sögulegum og heimspekilegum bakgrunni þessa aðferða og geta tjáð sig um efnið munnlega og skriflega,
- ▶ hafa þekkingu á dramtúrgískum eiginleikum trúðsins og grímunnar og geta fjallað á sjálfstæðan hátt um efnið munnlega sem og skriflega,
- ▶ hafa þekkingu á mismunandi nálgunum og uppsetningum þar sem þessar aðferðir eru notaðar í samtímanum og geta tjáð sig um efni þeirra og uppsetningar munnlega og skriflega,
- ▶ hafa hæfni í að leita sér upplýsinga og efniviðar um efnið og þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni.

Námsmat: Munnleg og skrifleg verkefni

Umsjónarkennari: Alexander Roberts

Kennari: Rafael Bianciotto

## Tækni dansara III

### **TKN00012L**

10 ECTS

Haust – tækni

Forkröfur: Tækni dansara II

Tungumál: Íslenska – enska

Skylda fyrir 2. ár samtímadansbrautar

### **Lýsing**

Í námskeiðinu er unnið með líkamsvitund, styrkingu og tækniþjálfun dansarans. Tæknin sem lögð er til grundvallar er samtímadans, ballett, yoga og/eða pilates. Megináherslan er á samtímadans og þá sérstaklega “release” tækni. Haldið verður áfram að þjálfra frekari færni og listleikni nemandans í þessum aðferðum sem og efla meðvitund hans um nauðsyn þess að stunda daglega tækniþjálfun.

### **Hæfniviðmið**

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast dýpri meðvitund um eigin líkama og líkamsstöðu,
- ▶ hafa dýpri skilning og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa eftl meðvitund um nauðsyn daglegrar þjálfunar og geta nýtt sér þær aðferðir sem til grundvallar eru lagðar
- ▶ hafa skilning á þeim ólíkum aðferðum sem lagðar er til grundvallar með tilliti til rýmis, tíma og orku,
- ▶ hafa tamið sér sjálfsgaga, sjálfstæð vinnubrögð og geta unnið á jafnréttisgrundvelli í hópi.

Námsmat: Símat, próf og greinargerð

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennarar: Emma Rozgoni, Noam Carmell, Tinna Grétarsdóttir, Guðrún Svava Kristinsdóttir o.fl.

## Tækni dansara IV

### TKN0012IVL

10 ECTS

Vor – tækni

Forkröfur: Tækni dansara III

Tungumál: Íslenska – enska

Skylda fyrir 2. ár samtímadansbraut

### Lýsing

Á þessum námskeiðum er haldið áfram að vinna með tækniþjálfun dansarans. Tæknin sem lögð er til grundvallar er klassískur ballet fyrir samtímadansara, styrkingartimar og þá er átt við pilates og yoga og svo samtímadans. Samtímadanstímarnir eru að jafnaði kenndir á hverjum degi og eru byggðir á “release” tækni þar sem hver kennari kemur með sína nálgun. Tímarnir miðast við að þroska dínamískari og tjáningarmeiri dansara. Haldið verður áfram að þjálfa frekari færni, styrk og listleikni nemanda í þessum aðferðum sem og efla meðvitund um nauðsyn þess að stunda daglega tækniþjálfun.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ halda áfram að efla meðvitund um nauðsyn daglegrar þjálfunar og geta nýtt sér þær aðferðir sem til grundvallar eru,
- ▶ hafa líkamlegan skilning á ólíkum aðferðum tækninnar sem lögð er til grundvallar með tilliti til rýmis, tíma og orku,
- ▶ halda áfram að geta tengt grunnhugmyndir líkamsfræðinnar við þá tækni sem lögð er til grundvallar með það fyrir augum að geta yfirfært á eigin líkama og líkamsbeitingu,
- ▶ halda áfram að efla færni í viðbragðsflýti og hreyfast af og frá jörðinni á skilvirkari hátt,
- ▶ halda áfram að styrkja og lengja einstaka vöðvahópa og öðlast betri skilning á hreyfanleika í liðamótum og notkun öndunar.

Námsmat: Símat og próf.

Umsjónarkennari: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

Kennarar: Ýmsir

## Tækni leikara I

### TÆKO1006S

6 ECTS

Haust – tækni

Tungumál: Íslenska – enska

Skylda fyrir 1. ár leikarabrautar

### Lýsing

Í námskeiðinu er lagður grunnur að tækni leikarans í hreyfingu, rödd og söng. Áhersla er lögð á að kynnst líkamlegum og tæknilegum þáttum leiktækninnar. Fögin eru kennd í aðskildum tímum en áhersla lögð á að nemendur nýti sér samhengi þeirra á milli. Lagður er grunnur að hreyfingu leikaranema og er miðað að því að efla líkamsvitund og færni nemenda, rýmisvitund, hlustun og samvinnu í gegnum ólíkar æfingar. Lagður er grunnur að undirstöðuatriðum raddbeitingar; slökun, öndun, stuðningi, opnun hljóms og hljóðmótun. Stuðlað er að tengingu raddar og líkama. Farið er í gegnum aðferðafræði CVT söngtækninnar og hugtök og aðferðir kynntar.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast grunnkilning og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa öðlast tilfinningu fyrir líkama sínum og skilning á möguleikum hans,
- ▶ hafa þjálfað samhæfingu og líkamlega færni (styrkur, liðleiki, úthald),
- ▶ hafa náð grunnfærni í hlustun, rýmisvitund og samvinnu í hóp,
- ▶ þekkja undirstöðuatriði raddbeitingar í tali/söng og skynja þau á eigin líkama (öndun, stuðningur, hljómur og hljóðmótun),
- ▶ hafa skýra mynd af eigin raddbeitingu, hafa opnað og styrkt röddina og tengt hana líkamnum,
- ▶ hafa náð grunnfærni í meginatriðum CVT í söng,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferli sitt.

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð

Umsjónakennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir

Kennarar: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Björk Jónsdóttir, Hilmir Jensson ofl.

## Tækni leikara II

### TÆKL006S

6 ECTS

Vor – tækni

Forkröfur: Tækni leikara I

Tungumál: Íslenska – enska

Skylda fyrir 1. ár leikarabrautar

### Lýsing

Í námskeiðinu er tækni leikarans í hreyfingu, rödd og söng þróuð áfram. Miðað er að því að styrkja þann grunn sem lagður var á 1. önn. Fögin eru kennd í aðskildum tímum en áhersla lögð á að nemendur nýti sér samhengi þeirra á milli. Áfram er miðað að því að auka líkamsvitund og efla líkamlega færni nemenda. Efla hæfni þeirra í rýmisvitund, hlustun og samvinnu, jafnframt því sem lögð er áhersla á snerpu og þor. Áfram er unnið að tæknilegri uppbyggingu raddar og tals. Byrjað er að tengja tækni og túlkun með textaverkefnum og þannig stuðlað að frelsi raddar, jafnhliða auknu öryggi í tækni. Jafnframt er samþætting við síðasta leiktúlkunarverkefni annarinnar. Í söngnum er raddtæknilegur grunnur styrktur enn frekar og áhersla er lögð á heilbrigði raddar, unnið er með CVT-tækniaðferðina. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og mikilvægi þess að æfa sig á milli tíma.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa aukið og dýpkað skilning og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa aukið líkamsvitund sína og skilning á möguleikum líkamans,
- ▶ hafa aukið samhæfingu og líkamlega færni (styrkur, liðleiki, úthald),
- ▶ hafa aukið snerpu og þor í hreyfingu,
- ▶ hafa aukið færni í hlustun, rýmisvitund og samvinnu í hóp,
- ▶ vera komnir með traustan grunn í raddbeitingu í tali/söng sem gagnast þeim í skapandi vinnu,
- ▶ hafa þroskað hæfni sína til að vinna með texta/sönglög,
- ▶ hafa aukið við blæbrigði og fjölbreytileika í tali/söng,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferli sitt.

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð

Umsjónarkennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir

Kennarar: Björk Jónsdóttir, Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Hilmir Jensson og fleiri.

## Tækni leikara III

### TÆK0307S

7 ECTS

Haust – tækni

Forkröfur: Tækni leikara II

Tungumál: Íslenska – enska

Skylda fyrir 2. ár leikarabrautar

### Lýsing

Í námskeiðinu er unnið dýpra að tækni leikarans í hreyfingu, rödd og söng. Aukin áhersla er lögð á skilning, stærð og úthald. Fögin eru kennd í aðskildum tímum en áhersla lögð á að nemendur nýti sér samhengi þeirra á milli. Miðað er að því að dýpka líkamsvitund og efla færni nemenda enn frekar. Aukin áhersla er lögð rýmisvitund, samvinnu og hlustun. Jafnframt er unnið að því að efla styrk og úthald í allri vinnu auk þess sem skapandi verkefni fá meira vægi. Áfram er unnið að alhliða þróun raddarinnar, nú með aukinni kröfu um úthald og stærð. Unnið er með ólík blæbrigði og áferð raddar, bæði tæknilega og á skapandi hátt. Bundið mál er lagt til grundvallar og náin samþætting er við leiktúlkunarverkefni. CVT-tæknin er áfram lögð til grundvallar í allri söngkennslu, áhersla er lögð á að nemandinn læri að þekkja sína eigin rödd enn frekar, styrkleika hennar og möguleika og mikilvægi stöðugrar þjálfunar til að auka getu, úthald og heilbrigði raddar.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa enn frekar aukið og dýpkað skilning og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ vera meðvitaðir um nauðsyn stöðugrar þjálfunar í tækni og geta unnið sjálfstætt að henni,
- ▶ hafa aukna líkamsvitund, samhæfingu og dýpri skilning á líkama sínum,
- ▶ hafa aukinn styrk, liðleika, úthald, snerpu og þor,
- ▶ hafa aukinn skilning og meiri færni í hlustun, samvinnu og rýmisvitund,
- ▶ hafa aukið færni í að nýta sér líkamann í skapandi vinnu,
- ▶ hafa enn frekar opnað og styrkt hljóð, stærð og úthald raddar,
- ▶ geta haldið vel utan um raddtækni í leik/söng fyrir framan áhorfendur,
- ▶ hafa leikni í ólíkum blæbrigðum raddar í tali/söng og geta nýtt þau á skapandi hátt,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferli sitt.

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð.

Umsjónakennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir

Kennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Björk Jónsdóttir, Hilmir Jensson ofl.

## Tækni leikara IV

### TÆKLO4007S

7 ECTS

Vor – tækni

Forkröfur: Tækni leikara III

Tungumál: Íslenska – enska

Skylda fyrir 2. ár leikarabraut

### Lýsing

Í námskeiðinu er unnið áfram að tækni leikarans í hreyfingu, rödd og söng. Aukin krafa er gerð um sjálfstæði og öguð vinnubrögð og enn fremur um samspil tæknilegra þátta í listrænni heild. Fögin eru kennd í aðskildum tímum en áhersla lögð á að nemendur nýti sér samhengi þeirra á milli. Áfram er miðað að því að dýpka líkamsvitund og færni nemenda enn frekar. Þjálfun í skynjun og meðvitund heldur áfram til þess að dýpka rýmisvitund, samvinnu við aðra nemendur og hlustun. Mikið er lagt uppúr skapandi vinnu og samþættingu við leiktúlkun. Unnið er enn frekar að alhliða þróun raddarinnar með aukinni kröfu um samspil raddar og texta í listrænni heild með náinni samþættingu við leiktúlkunarverkefni. Stuðlað er að sjálfstæði í þjálfun og textavinnu, meðal annars með upplestri á óbundnu máli. Þekking og skilningur á CVT-tækninni ásamt notkun hugtaka dýpkaður enn frekar með áherslu á að tengja tækni og túlkun eftir þörfum hvers og eins. Sameiginleg þematengd verkefni eru lögð fyrir nemendur ásamt eigin vali á sönglögum.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa dýpkað skilning sinn og færni í þeirri tækni sem lögð er til grundvallar,
- ▶ hafa aukna líkamlega færni og líkamsvitund og dýpri skilning á líkama sínum,
- ▶ hafa aukna samhæfingu og líkamlega færni (styrk, liðleika, úthald, snerpu, þor),
- ▶ hafa aukinn skilning og meiri færni í hlustun, samvinnu og rýmisvitund,
- ▶ geta nýtt sér líkamlega færni sína í samspili við aðra nemendur,
- ▶ hafa aukið færni í að nýta sér líkamann í skapandi vinnu,
- ▶ hafa öðlast færni og sjálfstæði til að vinna texta/sönglög til flutnings,
- ▶ hafa náð enn traustari leikni og öryggi í raddtækni í leik/söng fyrir framan áheyrendur og geta nýtt hana á listrænan hátt,
- ▶ geta tjáð sig skriflega um vinnuferli sitt

Námsmat: Símat, verkefni og greinargerð.

Umsjónakennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir

Kennari: Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Björk Jónsdóttir, Hilmir Jensson ofl.

## Umfjöllun og gagnrýni um sviðslistir

### UGSOO02L

2 ECTS

Haust – vinnustofur

Val sviðslistadeild, millideildarval, Opni Listaháskólinn

### Lýsing

Í námskeiðinu verður farið í umfjöllun og gagnrýni í opinberri umræðu um sviðslistir, þau lögmál sem þar gilda, gæðamat, vægi og hlutverk. Skoðuð verða dæmi úr umræðu um samtímasviðslistir á Íslandi og þátttakendur í umræðunni miðla af reynslu sinni. Í lok námskeiðsins skrifa nemendur umfjöllun um einstaka listamenn eða hópa, auk gagnrýni um sýningar sem eru í gangi.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna þekkingu á helstu straumum í íslensku sviðslistaumhverfi, stöðu sviðslista í samtímanum og þeim forsendum sem liggja þar til grundvallar,
- ▶ sýna hæfni til að greina og meta viðburði innan sviðslista og getu til að rökstyðja skoðanir sínar og mat,
- ▶ sýna hæfni til að leita sér upplýsinga um samtímasviðslistir og færni til að vinna úr þeim,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á þær aðferðir sem nýttar eru innan sviðslista og greint viðfangefni og útfærslu þeirra á gagnrýninn hátt,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna sýn á verk einstakra listamanna og hópa og geta tekið þátt í opinberri umræðu um sviðslistir.

Námsmat: Verkefni.

Umsjónarkennari: N.N.



## Útvarpsleikhús

### ÚTLO002S

2 ECTS

Vor – vinnustofur

Val, millideildarval

#### Lýsing

Hugað verður að listrænni sköpun og miðlun á leikrænu efni í hljóðmiðlum. Áhersla verður lögð á hinar ýmsu aðferðir útvarpsleikhússins en einnig verður skoðað hvernig nota má listrænar og skapandi nálganir við framleiðslu á heimildaverkum og öðru hljóðefni. Kynnt verða fyrir nemendum ýmisskonar hljóðverk og þau rædd og skilgreind. Kynnt verð til sögunnar helstu verkfæri hljóðlistamannsins hvað varðar upptökutækni og samsetningu. Einnig munu nemendur gera verklegar tilraunir á meðan á námskeiðinu stendur. Námskeiðið fer fram í Útvarpsleikhúsinu við Efstaleiti.

#### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér helstu hugmyndir og aðferðir útvarpsleikhúss,
- ▶ hafa tileinkað sér hina ýmsu möguleika sem útvarp/internetið býður upp á fyrir skapandi miðlun á hljóðrænu efni,
- ▶ hafa tileinkað sér grunnatriði í upptökutækni og eftirvinnslu á hljóðrænu efni,
- ▶ hafa kynnst ýmsum tegundum útvarpsefnis,
- ▶ geta unnið í hóp á jafningjagrundvelli og tekið þátt í gagnrýnum umræðum,
- ▶ geta nýtt sér leiðsögn svo komi að gagni í skapandi vinnu,
- ▶ hafa þróað með sér gagnrýna hugsun og sýn á viðfangsefni sín.

Námsmat: Símat

Umsjónarkennari: Þorgerður E. Sigurðardóttir

Kennarar: N.N.

## Verkefnastjórnun

### VST002S

2 ECTS

Haust – fræði

Val sviðslistadeild, millideildarval, Opni Listaháskólinn

### Lýsing

Í námskeiðinu fá nemendur innsýn í menningarstjórnun og stafsumhverfi sviðslista. Nemendur þróa eigin hugmynd, fyrst einir og svo verða nokkrar hugmyndanna unnar lengra í 3 – 4ra manna hópum. Nemendur fá tækifæri til að kynna grundvallaratriðum í verkefnastjórnun, helstu verkfærum sem mikilvæg eru til að halda utan um mótun og framkvæmd verkefna. Þannig fá nemendur tækifæri til að víkka og ydda sína listrænu sýn, skoða ólíka möguleika, samstarfsfleti og úrvinnslu verkefna í hóp. Innsýn í möguleika og takmarkanir í framkvæmd margbreytilegra verkefna sviðslistafólks, fjármögnun, kynningar og áætlanagerð er hluti af námskeiðinu.

### Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa innsýn í meginþætti við útfærslu eigin hugmynda og verkefna í hóp allt frá hugmynd til framkvæmdar,
- ▶ hafa hæfni til að skipuleggja og nýta áætlanagerð og helstu verkfæri í menningarstjórnun,
- ▶ hafa þekkingu á flóknu starfsumhverfi sviðslistafólks og einkennum helstu menningarstofnana og rekstrarformi þeirra,
- ▶ hafa færni í að setja fram listræna hugmynd, þróa hana í hóp og skila af sér í rituðu og töluðu máli og getu til að gera grein fyrir framkvæmd, fjármögnun og samstarfsmöguleikum.

Námsmat: Skrifleg verkefni og kynning

Umsjónakennari: N.N.

Kennari: Þórunn Sigurðardóttir

